



Ávarp forseta Íslands

Íþróttir hafa frá landnámstíð verið Íslendingum í senn þjálfun og skemmtan. Fornar sögur varðveita frásagnir um afreksmenn sem náðu öndvegi í vitund þjóðarinnar með knattleik, stökki, sundi eða glímutökum.

Þó liðu ríflega þúsund ár þar til Íslendingar gerðust þátttakendur á alþjóðlegum keppnisvöllum og leikir sem uppruna áttu annars staðar héldu hér innreið sína. Í dögum nýrrar aldar eru þessi umskipti orðin svo altæk að við lifum nú og hrærumst á hverjum degi bæði á heimavöllum og í heimskeppni, höfum tileinkað okkur íþróttir sem keppt er í um veröld víða.

Saga körfuknattleiks á Íslandi er glæsilegt dæmi um þessa þróun. Í fyrstu framandi leikur sem fáir kunnu skil á, ættaður úr annarri álfu og á fyrstu árunum hérlendis bundinn við nokkur byggðarlög. Nú er körfuknattleikurinn áhugaefni þúsundanna og þjóðin fylgist vel með gengi liða víða um land, fagnar nýjum sigrum og ófarir gróinna liða valda henni áhyggjum um stund.

Þær eru margar minningarnar sem við eigum frá spennandi leikjum þegar stóra tapið snerist á skömmum tíma í sigurvon og á lokaspretti náðist sú karfa sem dugði. Enn óma í eyrum mér hvatningarköllin í Grindavík þegar nánast allir bæjarbúar fylltu íþróttahúsið til að hvetja sitt lið enda bikarinn góði sigurlaunin.

Þannig hefur körfuknattleikurinn sameinað bæði liðin sjálf og heilar heimabyggðir, eflt samstöðu og vilja til góðra verka, bæði á leikvöllum og við framfaraspor á mörgum sviðum.

Körfuknattleikurinn hefur hér orðið öflug íþrótt með tryggja sveit aðdáenda og um leið hreyfiafl í héröðunum, sönnun þess að á úrslitastundum ríkir þar samhentur vilji.

Í raun er það undrunarefni hve góðum árangri Íslendingar hafa náð í liðsheildarleikjum: knattspyrnu, handknattleik og körfubolta - þótt auðvitað hafi þar komið tímar erfiðleika. Byggðarlög sem aðeins telja fáeinir þúsundir íbúa hafa eignast frækin lið á þessum sviðum eins og dæmin sýna frá Suðurnesjum þegar sigrar í fótbolta og körfubolta hafa fallið þeim í skaut á sama ári.

Slíkur árangur næst því aðeins að margir leggi sitt af mörkum og efling körfuknattleiks hér á landi hefur svo sannarlega verið verk þúsundanna.

Á merkum tímamótum færi ég Körfuknattleikssambandi Íslands heillaóskir og þakka frábært framlag við að auðga íslenskt íþróttalíf að færni og skemmtan. Saga ykkar er fyrirheit um glæsta sigra í framtíðinni.

Ólafur Ragnar Grímsson